



Aðalfundur Landsbankans 2023

Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn fimmtudaginn 23. mars 2023
kl. 17:00 í Austurstræti 11, Reykjavík.

Drög að dagskrá

- Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
 - Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
 - Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
 - Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
 - Tillögur til breytinga á samþykktum. Eftirfarandi tillögur hafa borist:
 - Að 2. gr. orðist svo: Heimili félagsins er Reykjastræti 6, Reykjavík.
 - Að 5. gr. orðist svo: Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Hlutabréf veita hluthafa full réttindi sem samþykktir þessar og lög um hlutafélög mæla fyrir um.
 - Að 6. gr. orðist svo: Bankaráð skal halda hlutaskrá í samræmi við lög.
 - Að 1. málslíður 2. mgr. 10. gr. orðist svo: Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í fjölmiðli, einum eða fleiri, sem og með rafrænum hætti, t.d. á vefsíðu félagsins, með skemmst tveggja vikna fyrirvara en lengst fjögurra vikna fyrirvara.
 - Að 2. málslíður 2. mgr. 12. gr. orðist svo: Boða skal aukafundi með auglýsingu í fjölmiðli, einum eða fleiri, sem og með rafrænum hætti, t.d. á vefsíðu félagsins.
 - Að 3. mgr. 13. gr. orðist svo: Hluthafar sem hyggjast sækja hlutahafafund sem stjórn hefur ákveðið að halda með rafrænum hætti skv. 1. mgr. skulu, a.m.k. fimm dögum fyrir fundinn, senda skrifstofu félagsins skriflegar spurningar eða eftir atvikum skjöl sem þeir óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum.
 - Að 2. mgr. 20. gr. orðist svo: Bankaráð setur sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þess, sbr. ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
 - Að 2. málslíður 2. mgr. 21. gr. orðist svo: Bankaráð skal setja reglur um verkaskiptingu ráðsins og bankastjóra, sem taka skulu mið af ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og samþykktum þessum.
 - Að 27. gr. orðist svo: Að því leyti sem ekki er kveðið á um í samþykktum þessum gilda ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995, ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, ákvæði laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020 svo og önnur ákvæði laga er við geta átt.
- Kosning bankaráðs.
 - Kosning endurskoðanda.
 - Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
 - Heimild til kaupa á eigin hlutum.
 - Önnur mál.

Aðrar upplýsingar

Hluthafi á rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast á netfangið adalfundur@landsbankinn.is fyrir kl. 16:00, mánudaginn 6. mars 2023.

Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða gerð aðgengileg fimmtudaginn 9. mars 2023 á vefsíðu bankans, landsbankinn.is/bankinn/fjarfestatengsl/adalfundur.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynningar um framboð til bankaráðs skulu hafa borist Skrifstofu bankastjóra, Austurstræti 11, Reykjavík, fyrir kl. 16:00 laugardaginn 18. mars 2023. Upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs verða

lagðar fram og birtar á framangreindri vefsíðu bankans eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 16:30 á fundardegi. Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum, að frádregnum eigin hlutum, sem eru án atkvæðisréttar.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang.

Hluthöfum verður boðið að fylgjast með fundinum í streymi og geta þeir nálgast upplýsingar þar að lútandi á framangreindri vefsíðu bankans.

Reykjavík, 2. mars 2023
Bankaráð Landsbankans hf.